

Orka náttúrunnar ohf.
Bæjarhálsi 1
110 REYKJAVÍK

Reykjavík, 27. ágúst 2022
Tilvísun: OS2021020016/10.4
Verknúmer: 4353250

Efni: Ákvörðun - Endurupptaka og afturköllun ákvarðana

Þann 29. júlí 2022 tók Orkustofnun ákvörðun vegna kvörtunar Ísorku ehf. á hendur Orku náttúrunni ohf. um aðgengi að hleðslustöðvum fyrirtækisins. Í ákvörðuninni komst Orkustofnun að þeirri niðurstöðu að ON hefði brotið gegn 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 1150/2019, með því að rafföng fyrirtækisins, sem aðgengileg eru almenningi bjóði ekki upp á þann möguleika að hægt sé að nýta þau án þess að notendur þeirra þurfi að samþykkja viðskiptaskilmála fyrirtækisins. Þar sem fyrirtækið hafði jafnframt ekki brugðist við fyrri ákvörðunum stofnunarinnar og úrskurði úrskurðarnefndar raforkumála um saman efni lagði Orkustofnun í á fyrirtækið stjórnvaldssekt að fjárhæð kr. 500.000.

Þann 25. ágúst 2022 óskaði ON eftir því að Orkustofnun tæki upp ákvörðunina í samræmi við 1. mgr. 24. gr. stjórnssýslulaga þar sem ON taldi að Orkustofnun hefði tekið ákvörðun á grundvelli ófullnægjandi upplýsinga, þar sem svokallað vefforrit (vefforrit ON) hefði ekki verið prófað við rannsókn koðun stofnunarinnar fyrir töku ákvörðunarinnar sjálfar. ON bendir á að vefforritið sé í raun það forrit sem fyrirtækið býður upp á þegar viðskiptavinir velja að eiga fyrirvaralaus viðskipti.

Við skoðun á því hvort að skilyrði væru til staðar fyrir endurupptöku ákvörðunarinnar frá 29. júlí, prófaði Orkustofnun vefforritið en niðurstaðan úr þeirri prófun varð sú sama og áður með smáforriti ON; þeir sem skráðu sig inn í vefforritið þurftu að samþykkja viðskiptaskilmála ON. Á þeim grundvelli tók Orkustofnun ákvörðun þann 26. ágúst 2022 um að taka ekki málið sjálft til ákvörðunar á ný, eins og stofnuninni er að sjálfsögðu skylt að gera, komi fram gögn sem gefi málefnalega ástæðu til að ætla að ófullnægjandi eða rangar upplýsingar hafi orðið til þess að röng ákvörðun hafi verið tekin.

Með tölvubréfi frá ON þann 27. ágúst var Orkustofnun sendar nýjar upplýsingar í málinu. Í þeim kemur fram að hugsanlegt sé að notandi, sem þegar hefur skráð sig í viðskipti við ON í gegnum ON smáforritið með tilteknu netfangi, gæti þurft að samþykkja viðskiptaskilmála ON að nýju þegar hann notar ON vefforritið, til að fá aðgang að raffangi án samnings á fyrirvaralausán hátt. Þetta geti gerst, jafnvel þótt hann skrái sig inn í vefforritið með nýju lykilorði. Orkustofnun prófaði að hreinsa vefferil á farsíma, opna vefforrit ON og skrá sig með gervinetfangi og handahófskenndu lykilorði. Þegar það var gert kom í ljós að svo virtist vera sem hægt væri að nota rafföng ON, sem aðgengileg eru almenningi, án þess að samþykkja viðskiptaskilmála fyrirtækisins.

Ákvæði 24. gr. stjórnssýslulaga kveða á um rétt aðila máls til að fá stjórnssýslumál tekið til nýrrar meðferðar ef ákvörðun hefur byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um atvik máls, eða íþyngjandi ákvörðun um boð eða bann hefur byggst á atvikum sem breyst hafa verulega frá því að ákvörðun var tekin. Af athugasemdum við greinargerð með frumvarpi því er varð að 24. gr. stjórnssýslulaga skiptir sköpum að hinar nýju upplýsingar hafi verulega þýðingu við úrlausn málsins.

Að mati Orkustofnunar hafa hinar nýju upplýsingar sem ON sendi stofnuninni 27. ágúst 2022 verulega þýðingu við úrlausn málsins, enda virðist svo vera út frá þeim, að ON geti nú boðið notendum raffanga upp á fyrirvaralausán aðgang (án samnings) að þeim. Það liggur þó fyrir að rannsaka þurfi ýmsa anga málsins nánar að mati Orkustofnunar.

ÁKVÖRÐUNARORÐ

Í samræmi við 1. tl. 1. mgr. 24. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993, tekur Orkustofnun ákvörðun um taka kvörtun Ísorku ehf. á hendur ON til meðferðar á ný þar sem ákvörðunin byggði á ófullnægjandi upplýsingum um málsatvik. Jafnframt tekur Orkustofnun ákvörðun um að afturkalla ákvörðun sína frá 26. ágúst 2022, um að hafna ON um endurupptöku á ákvörðun stofnunarinnar frá 29. júlí 2022 í samræmi við 25. gr. stjórnssýslulaga nr. 37/1993.

Virðingarfyllt,
f.h. Orkustofnunar

Rafræn undirskrift

Rafræn undirskrift